



Akranes 4. október 2023

Fundur foreldrafélags Teigasels

Mættir: Íris Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björk Guðjónsdóttir, Martha Lind Róbertsdóttir, Sædís Ösp Runólfsdóttir, Aldís Petra Sigurðardóttir, Sunneva Lind Ólafsdóttir og Hjörvar Gunnarsson kom seinna. Guðbjörg Ösp Einarsdóttir fráfarandi gjaldkeri mætti

Farið yfir þau verkefni sem foreldrafélagið hefur komið að.

Jólafondrið gekk mjög vel í fyrra, kom mjög vel út að hafa jólafondrið á föstudegi og hafa það þá á leikskólatíma, en ekki á laugardegi eins og var áður.

Hugmynd að hafa fondrið núna fimmtudaginn 30. nóvember 2023.

Foreldrafélagið hefur séð um jólasveininn á jólaballinu, þau halda því áfram en Íris sér um að redda því.

Sveitaferð á vorin á Bjarneyjarsand endurvekja það. Sædís ætlar að senda póst.

Vorhátíðin: Farið yfir seinustu hátíð, hoppukastalarnir slógu algjörlega í gegn. Hefðum kannski átt að hafa þá um morguninn og þá bara á ábyrgð leikskólans. Þá hefðu fleiri getað notið tónlistaratriðisins.

Umræða um söfnun fyrir Bambahúsi. Setja af stað söfnun fyrir því. Aldís fer í það að búa til auglýsingu. Hafa ódýrara atriði á næstu hátíð. Við erum með fullt af hæfileikaríkum foreldrum sem geta tekið þetta að sér.

Kosning um nýja stjórn. Okkur vantar enn einn fulltrúa í foreldrafélagið frá Teigakoti.

Guðbjörg Ösp skilaði af sér möppu gjaldkera. Þökkum við henni kærlega fyrir samveruna og störf sín í foreldrafélaginu sl. ár.

Ný stjórn foreldrafélagsins skipa:

Martha Lind Róbertsdóttir formaður

Sædís Ösp Runólfsdóttir varaformaður

Hjörvar Gunnarsson gjaldkeri

Meðstjórnendur:

Aldís Petra Sigurðardóttir

Sunneva Lind Ólafsdóttir

Næsti fundur foreldrafélagsins verður þriðjudaginn 24. október kl. 15:30

Fundargerð ritaði: Heiða Björk Guðjónsdóttir

